



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalistaflokks Íslands mánudaginn 5. október 2020 kl. 20:00.
Fundurinn er haldinn með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Arna Þórdís Árnadóttir, Dávur í Dali, Laufey Líndal Ólafsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Katrín Baldursdóttir og Guðmundur Auðunsson.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur ekki verið samþykkt og verður löguð.

2. Staða flokksins í umræðunni

Talað var um að við þurfum að vera dugleg að minna á okkur, að sósíalismi sé skynsemissstefna en ekki draumsýn og að við þurfum að ná til unga fólksins t.a.m. umhverfissinna.

3. Gerum upp sósíalsíkan september

Rætt var hvort við ættum að halda áfram með svipuðu móti.

4. Starf baráttuhópa og annara deilda flokksins

Rætt var um þætti sem eru á Samstöðinni og aðra sem eru á leiðinni á stöðina.

5. Skýrsla húsfélags

Greint var frá gangi mála. Uppsetning inniveggja er að hefjast.

6. Fjármál, staða reikninga

Flokkurinn: 830.417 kr., kosningasjóður: 1.032.813 kr., Maístjarnan: 3.201.783 kr., bankatrygging
Maístjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

7. Önnur mál

Rætt var hvenær þurfi að halda aðalfund og hvort honum verði skipt í tvennt.